

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. nóvember 2006 2006100643

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sameignarfélög, 79. mál

Með bréfi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 23. október sl., var óskað eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um sameignarfélög. Af þessu tilefni hefur ríkisskattstjóri kynnt sér frumvarpið og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og tillögum til breytinga á því.

Framlagning frumvarps til laga um sameignarfélög er orðið löngu tímabært. Engin heilstæð löggjöf hefur gilt um sameignarfélög og ekki heldur um samlagsfélög hér á landi ef frá eru talin ákvæði í lögum nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Þau lög hafa einvörðungu að geyma ákvæði sem snúa að stöðu þeirra út á við, þ.e. skráningu tiltekinnar upplýsinga til að tryggja vitneskju manna um „hag og ástand“ félaga, sérstaklega um það hverjir hafa með höndum reksturinn, hverjir gætu skuldbundið þau og hvernig ábyrgð á skuldbindingum væri háttað. Þá hafa verið til langs tíma ákvæði í lögum um tekjuskatt um skilyrði fyrir sjálfstæðri skattaðild þeirra, sem fellst í því að leggja fram félagssamning með upplýsingum um eignarhlutfall eigenda, innborgað stofnfé og um félagsslit. Þessi ákvæði eiga frekar heima í lögum um sameignarfélög og samlagsfélög en lögum um tekjuskatt.

Frumvarp þetta fjallar eingöngu um sameignarfélög en full ástæða er að taka samlagsfélög einnig með inn í þetta frumvarp þar sem eðlismunur þessara félagaforma er í reynd aðeins sá að einn eða fleiri félagsaðilar geta borið takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins meðan a.m.k. einn félagsaðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Að öðru leiti er enginn lagatæknilegur mismunur á félögunum og leggur ríkisskattstjóri til að ákvæði verði bætt inn í frumvarpið sem gerir það kleift að það fjalli jöfnum höndum um sameignarfélög og samlagsfélög.

Enn fremur leggur ríkisskattstjóri til að skráning sameignarfélaga og samlagsfélaga verði færð til ríkisskattstjóra. Með lögum nr. 17/2003 var fyrirtækjaskrá færð frá Hagstofu Íslands ásamt öllum þeim félagaskráum sem voru hjá Hagstofunni á þeim tíma. Hér er um að ræða hlutafélagaskrá með skráningu hlutafélaga, einkahlutafélaga og samlagshlutafélaga, samvinnufélagaskrá með skráningu samvinnufélaga og sjálfseignastofnanaskrá með skráningu sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Auk þess færðist til fyrirtækjaskrár skráning annarra félaga, félagasamtaka, sjóða og stofnana sem rétt er að skrá á fyrirtækjaskrá. Samhliða skráningu er félögunum úthlutað kennitala.

Þá var skráning einstaklinga með atvinnurekstur færð á hendi fyrirtækjaskrár og er sú skráning tengd við skráningu einstaklinga á launagreiðendaskrá og virðisaukaskattskrá skattfirvalda eftir því sem við á. Það er aðeins skráning sameignarfélaga og samlagsfélaga sem ekki fer fram hjá félagaskráningu ríkisskattstjóra. Við þessa lagabreytingu varð félagaskráning markvissari en verið hafði og veruleg samlegðaráhrif fólust í samhæfingu skrána og færslu þeirra hjá ríkisskattstjóra. Þessar skrár mynda nú þegar eitt gagnasafn og er mikið hagræði fólgið í því að stjórnvöld og opinber kerfi geti unnið með eina samhæfða skrá, sem er opinber og aðgengileg til eftirlits. Um það efni og frekari rökstuðning fyrir færslu þessa gagnasafns og opinberrar skráningar fyrirtækja og félaga vísast til ítarlegrar greinargerðar með frumvarpi til laga um fyrirtækjaskrá.

Í allri þeirri framþróun sem orðið hafa á miðlægri skráningu félaga og fyrirtækja hér á landi og ekki síst með flutningi hlutafélaga-, samvinnufélaga- og sjálfseignarstofnanaskrár til ríkisskattstjóra svo og skráning annarra félagaforma en sameignar- og samlagsfélaga er mjög bagalegt að ekki hafi verið gerðar viðeigandi breytingar á lögnum frá 1903 sem færa skráningu þessara félaga frá sýslumönnum til ríkisskattstjóra. Myndi það auka alla samræmingu á skráningu þessara félagaforma sem yrði á einni hendi en ekki hjá 26 embættum sýslumanna, sem sumir þeirra koma ekki árum saman að slíkri skráningu. Auk þess sem útgáfa á kennitölu færi þá jafnframt fram á sama stað en nú verður fyrst að skrá sameignarfélagið hjá sýslumanni og í framhaldi af því sækja um kennitölu til fyrirtækjaskrár.

Stofnun sameignarfélaga hefur með árunum farið fækkandi. Einkahlutafélögin hafa tekið við og er vinsælla form á atvinnurekstri enda getur einn maður stofnað einkahlutafélag en tveir hið minnsta til að stofna sameignarfélag eða samlagsfélag. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu eru tiltölulega fá félög skráð á ári hverju sem sameignarfélög eða að meðaltali um 79 á síðustu 11 árum. Aftur á móti hafa á síðustu árum verið skráð 265 samlagsfélög. Þar hafa hlutir þeirra sem bera takmarkaða ábyrgð verið nánast til málamynda, t.d. að ábyrgðin takmarkist við 5.000 kr. Nokkur tilfelli eru um að erlendir aðilar, þ.e. erlend félög, hafi stofnað til samlagsfélaga á seinni árum.

Lagt er til að skráin verði kölluð *sameignarfélagaskrá* og í hana verði færð bæði sameignarfélög og samlagsfélög. Er þetta í samræmi við heiti annarra félagaskráa þ.e. hlutafélagaskrá sem skráir bæði hlutafélög einkahlutafélög og samlagshlutafélög, samvinnufélagaskrá sem skráir samvinnufélög o.s. frv.

Samkvæmt gildandi lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, fer fjármálaráðherra með mál er varða skráningu þessara félaga og stofnana en viðskiptaráðherra fer með málefni þeirra að öðru leyti. Ríkisskattstjóri leggur til að hlutaðeigandi frumvarpsákvæðum verði breytt á þann hátt að fjármálaráðherra fari framvegis með mál er varða þessa skráningu í stað viðskiptaráðherra.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lög nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð haldi gildi sínu með tveimur minni háttar breytingum. Oft er vísað til þeirra sem firmalög sbr. og 47. og 50. gr. frumvarpsins, þótt þetta heiti sé ekki lögfest. Ríkisskattstjóri telur að þessi lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð frá árinu 1903 í heild séu löngu orðin úrelt og eigi að falla niður. Þau ákvæði þeirra sem kunna að

hafa gildi og ekki eru nú þegar í öðrum lögum má fella inn í t.d. lög nr. 28/1998, um verslunaratvinnu. Í Fyrsta kafla laganna kemur fram að sýslumenn skuli halda verslanaskrár, sbr. 1. gr. Vegna ákvæða í öðrum lögum er aðeins eftir hjá sýslumönnum skráning sameignarfélaga og samlagsfélaga. Annar kafla fjallar um firmu og fjallar um „nafn það, er hann notar við atvinnunna, og um undirskrift fyrir hana (firma), ...“ sbr. 8. gr. Enn fremur er í 16. gr. ákvæði að „Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, nema firmanu sé valið sérstakt heiti, annað en nafn eiganda.“ Þessum sérheitum er ekki úthlutað kennitölu og reka einstaklingar einkarekstur sinn á persónulegri kennitölu sinni. Þá er í 19. gr. ákvæði um að tilkynna skuli hlutafélög til sýslumanna en í reynd eru þau aðeins skráð í hlutafélagaskrá samkvæmt lögum þar um. Í Þriðja kafla er fjallað um prókúru og umboð prókúruhafa sem eru þá þeir sem mega rita firmað þ.e. skuldbinda það. Þennan kafla mætti flytja sem sérstakan kafla í lög nr. 28/1998 um verslunaratvinnu ásamt skilgreiningu á „firma“ sem kemur víða við í öðrum lögum. Fjórti kafla er um almenn ákvæði en þar er m.a. skilgreining á samlagsfélagi, sem ríkisskattstjóri leggur til að verði fært inn í frumvarpið.

Þess má geta að orðið „firmaskrá“ eða „að skrá í firmaskrá“ kemur fram í átta lögum en engin lög eru til sem skilgreina orðið „firmaskrá“ ekki einu sinni í lögunum frá 1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, en þar segir í Fyrsta kafla eins og komið er fram að sýslumenn skulu halda verslanaskrár. Í lögum um verslunaratvinnu frá 1998 kemur fyrir orðið „firmaskráritari“ en það embætti er hvergi í lögum.

Ríkisskattstjóri telur með hliðsjón af skattfrankvæmd að miklægt sé að ljóst liggi fyrir frá upphafi, hver sé eignarhlutur eigenda og hvert sé stofnframlag til grundvallar starfsemi félagsins, sbr. 23. og 25. gr. frumvarpsins, þ.e. í hvaða hlutföllum eigendur hafa lagt eignir til félagsins og tiheyra þannig starfseminni formlega. Þá þykir eðlilegra að félag, sem stofnað er til vegna nánins samstarfs tveggja eða fleiri, verði skilyrðislaust slitið og það fellt af skrá á þeim tímapunkti, þegar einungis einn einstaklingur eða félag stendur eftir, enda óheppilegt að viðkomandi starfi einn í skjóli fyrrum fjárstekra sameigenda, þrátt fyrir alla tilkynningarskyldu um brotthvarf þeirra. Óeðlilegt verður einnig að teljast út frá félagaréttarlegum sem skattalegum sjónarmiðum að einstakur maður eða lögaðili með t.d. upphaflega óverulegan eignarhlut að baki starfi um lengri eða skemmri tíma og njóti eftir atvikum skattalegs hagræðis í skjóli félags sem misst hefur rétt hæfi sitt. Þá telur ríkisskattstjóri óeðlilegt að lögbundin sé sú forsenda atvinnurekstrar að það eitt skilyrði sé nægt að í sameign manna eða lögaðila fari meiri hluti atkvæða í félagi sem stundar atvinnurekstur, ef sameignarfélagið sem slíkt hefur enga eiginlega atvinnustarfsemi með höndum á grundvelli eigin starfsemi, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 45. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gerður munur á skráðum og óskráðum sameignarfélögum. Að álitum ríkisskattstjóra kemur ekki nægjanlega vel fram í hverju þessi munur er fólgin. Benda má á að aðeins félög, hvort sem þau stunda atvinnustarfsemi eða ekki, sem tilkynna sig til fyrirtækjaskrár geta að uppfylltum skilyrðum fengið úthlutaða kennitölu sem jafnframt er lykillinn að öllum viðskipum og ekki síst bankaviðskiptum. Þar með teljast þau **skráð félög** þar sem lágmarksupplýsingar sem þau veita fyrirtækjaskrá eru aðgengilegar almenningi. Verður ekki séð hvernig „sameignarfélag“ geti starfað í íslensku viðskipaumhverfi ef það er ekki skráð og hefur kennitölu. Ef til vill er hér misskilningur fólgin í því að félög eða ýmis samtök geta fengið kennitölu ef þau sýna fram á félagsaðild einstaklinga en, ef skattyfirvöld úrskurða að starfsemi þeirra sé skattskyld, eru þau skattlögð undir þeirri kennitölu sem þeim hefur verið úthlutað sem sameignarfélög þótt ekki væru þau skráð sem slík.

Ríkisskattstjóri leggur til að gildisákvæðum frumvarpsins verði flýtt til 1. júlí 2007, og tekið fram í því að verslanaskrá (firmaskrá) hjá sýslumönnum flytjist þá til ríkisskattstjóra og verði stofn sameignarfélagaskrár samkvæmt lögum þessum. Hliðstæðu þessa ákvæðis er að finna í gildistökuákvæðum laga nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá

Ríkisskattstjóri leggur til eftirfarandi breytingar við frumvarp til laga um sameignarfélag.

I. Breytingar á greinum:

Heiti frumvarpsins verði:

„Frumvarp til laga um sameignarfélög og samlagsfélög“

1. gr. orðist svo:

Gildissvið.

Lög þessi gilda um:

1. sameignarfélög og samlagsfélög sem skráð eru samkvæmt lögum þessum;
2. sameignarfélög og samlagsfélög sem skráð eru samkvæmt lögum þessum; þar sem meiri hluti félagsmanna (félagsaðila) býr hér á landi nema meginhluti starfsemi félagsins sé rekinn í öðru landi.

Viðskiptaráðherra fer með mál sem varða sameignarfélög samkvæmt lögum þessum, önnur en þau sem varða skráningu sameignarfélaga og samlaga en með þau fer fjármálaráðherra. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema fjármálaráðherra sé tilgreindur sérstaklega.

Fyrirsögn 2. gr. verði:

Hugtakið sameignarfélag og samlagsfélag .

Ný 2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Samlagsfélag samkvæmt lögum þessum er samstarfsform sem byggist á samningi tveggja eða fleiri aðila um sameiginlega fjárhagslega starfsemi, sem í eru einn eða fleiri félagsmenn er bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, og einn eða fleiri félagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir félagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná, sem tilkynnt hefir verið í sameignarfélagaskrá, að þeir hafi lagt í félagið.

4. gr. orðist svo:

Heiti.

Sameignarfélög, sem skráð eru í sameignarfélagaskrá, skulu hafa orðið sameignarfélag í heiti sínu eða skammstöfunina sf.

Samlagsfélög, sem skráð eru í sameignarfélagaskrá, skulu hafa orðið samlagsfélag í heiti sínu eða skammstöfunina slf.

7. gr. orðist svo:

Félagssamningur.

Skylt er að gera skriflegan félagssamning um sameignarfélög og samlagsfélög sem eru skráð samkvæmt lögum þessum. Samningurinn skal undirritaður af öllum stofnendum og þeim er síðar ganga í félagið.

Í félagssamningi skal a.m.k. greina:

1. heiti félagsins;
2. heimilisfang og sveitarfélag félagsins;
3. tilgang félagsins;
4. nöfn, kennitölur og heimilisföng félagsmanna;
5. um stofnframlag eigenda og hvort það er greitt í reiðufé og/eða öðrum verðmætum og eignarhluta hvers og eins;
6. þegar um samlagsfélag er að ræða, hvaða félagsmenn bera takmarkað ábyrgð á skuldbindingum félagsins og fjárhæð hennar og atkvæðarétt þeirra og um réttarsamband milli þeirra sem bera annars vegar takmarkaða og hins vegar ótakmarkaða ábyrgð;
7. hvernig félagsslitum skuli háttáð;
8. hvert skuli vera reikningsár félagsins;
9. hvort félagið skuli vera sjálfstæður skattaðili í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt;
10. dagsetningu undirritunar félagssamnings.

Félagssamningi verður einungis breytt með samþykki allra félagsmanna og skriflegri undirritun þeirra nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Ný 2. mgr. 8. gr. orðist svo:

Sama gildir um ábyrgð félagsmanna í samlagsfélagi eftir því hvor þeir bera takmarkað eða ótakmarkaða ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins samkvæmt félagssamningi.

37. gr. orðis svo:

Félagsslit þegar aðeins einn félagsmaður er eftir.

Verði félagsmenn í skráðu sameignarfélagi eða samlagsfélagi færri en tveir telst félaginu slitið.

Skal sameignarfélagaskrá þá afskrá félagið.

45. gr. orðist svo með fyrirsögn

Skráning sameignarfélaga og samlagsfélaga í sameignarfélagaskrá

Skrá skal sameignarfélög og samlagsfélög sem stunda atvinnurekstur í sameignarfélagaskrá.

Ríkisskattstjóri starfrækir sameignarfélagaskrá.

Sameignarfélag og samlagsfélag telst stunda atvinnurekstur ef það hefur tekjur af sölu á vörum og þjónustu og því um líku eða stundar starfsemi sem er í meginatriðum hliðstæð starfsemi annarra félaga eða einstaklinga í atvinnurekstri.

Sameignarfélag og samlagsfélag, þar sem allir félagsmenn eru lögaðilar, skal tilkynnt til skráningar í sameignarfélagaskrá áður en það hefur starfsemi.

Heimilt er að taka til skráningar sameignarfélag eða samlagsfélag í sameignarfélagaskrá þótt það stundi ekki atvinnurekstur enda hafi skráningin almennt upplýsingagildi fyrir almenning og hið opinbera.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu sameignarfélaga og samlagsfélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur sameignarfélagaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem sameignarfélagaskrá hefur á rafrænu formi.

Tilkynningar til sameignafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til sameignarfélagaskrár.

1. mgr. 46. gr. orðist svo.

Í tilkynning um stofnun sameignarfélags eða samlagsfélags skal greina þau ákvæði félagssamnings sem fram koma í 7. gr. svo og nöfn, kennitölu og heimilisföng stjórnarmanna, hafi þeir verið kosnir, framkvæmdastjóra, hafi hann verið ráðinn, og allra þeirra er hafa heimild til að rita firma félagsins, svo og nöfn, kennitölu og heimilisföng endurskoðenda eða skoðunarmanna hafi þeir verið kosnir. Sama gildir um varamenn.

53. gr. orðist svo:

Gildistökuákvæði

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007, og skal verslanaskrá (firmaskrá) hjá sýslumönnum flytjast þá til ríkisskattstjóra og verði stofn sameignarfélagaskrár samkvæmt lögum þessum.

II. Einstakar orðalagsbreytingar:

Sameignarfélag og samlagsfélög :

Í eftirfarandi greinum frumvarpsins skal á eftir „sameignarfélög“ koma: og samlagsfélögum.

1. gr., 5. gr., fyrirsögn II. kafla, 6. gr., 7. gr., 8. gr., 9. gr., 13. gr., 25. gr., 26. gr., 29. gr., 30. gr., 35. gr., 41. gr., 42. gr., 43. gr., fyrirsögn 46. gr., 47. gr., 48. gr. 50. gr. og 51. gr.

Firmaskrá og sameignarfélagaskrá:

Í eftirfarandi greinum frumvarpsins skal í stað „firmaskrá“ koma: sameignarfélagaskrá

4. gr., 1. mgr. 8. gr., 28. gr., 38. gr., 41. gr., 42. gr., 3. mgr. 46. gr., 47. gr., 49. gr., 50. gr. og 51. gr.,

III. Aðrar breytingar.

1. mgr. 27. gr.

Í stað „lög og venjur“ í 1. mgr. 27. gr. kemur: góða bókhaldsvenju og settar reikningsskilareglur

Til samræmis við 2. mgr. 6. gr. laga um bókhald.

47. gr.

Í stað tilvísunina í 50. gr. „í samræmi við 21. gr. firmalaga“ kemur: í samræmi við lög þessi.

50. gr.


2. mgr. 50. gr. falli niður.


(um réttaráhrif birtingar „gilda ákvæði firmalaga“.

52. gr.

Í stað tilvísunarinnar til „7. mgr. 45. gr.“ kemur 6. mgr. 45. gr.

Virðingarfyllst


Guðmundur Guðbjarnarson


Ingvar J. Rögnvaldsson